



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR – 13. febrúar 2007

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til níunda fundar þriðjudaginn 13. febrúar 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2008-2010 – síðari umræða
2. Fundargerð bæjarráðs frá 24. janúar
3. Fundargerð bæjarráðs frá 7. bebrúar
4. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 24. janúar
5. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 26. janúar
6. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 6. febrúar
7. Fundargerð fræðslunefndar frá 31. janúar
8. Breyting á nefndarskipan í skipulags-, byggingar- og veitunefnd

Afgreiðslur:

1. **Þriggja ára fjárhagsáætlun 2008-2010 – síðari umræða.** Lögð fram greinargerð Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur og bréf til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Forseti bar fjárhagsáætlunina undir atkvæði. Hún var samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.
2. **Fundargerð 18. fundar bæjarráðs** í 13 liðum frá 24. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. **Fundargerð 19. fundar bæjarráðs** í 15 liðum frá 7. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.
4. **Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar** frá 24. janúar í þremur liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.
5. **Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar** í einum lið frá 26. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.
6. **Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar** í 20 liðum frá 6. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Óskað var eftir svohljóðandi bókun:
Bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur á undanförunum árum verið sammála um þá stefnu að fækka leiguíbúðum á vegum sveitarfélagsins. Ef Ámundakinn ehf. byggir Hnjúkabyggð 31 upp sem íbúðarhúsnæði hlýtur það að vera skilyrði af hálfu Blönduóssbæjar að sala hafi verið tryggð á öllum íbúðunum áður en framkvæmdir hefjist, þannig að sveitarfélagið flækist ekki inn í nýtt leiguférlí á íbúðum. Bókunin er undirrituð af Valdimar Guðmannssyni.

Valgarður Hilmarsson óskaði eftir því að bókað yrði að Ámundakinni hafi ávallt stemmt að sölu íbúða í Hnjúkabyggð 31.



Fundargerðin þá borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

7. **Fundargerð fræðslunefndar** í 6 liðum frá 31. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
8. **Breyting á nefndarskipan í skipulags-, byggingar- og veitunefnd.** E-listi tilkynnir að Zophonías Ari Lárusson sé kominn í árs leyfi frá fundarstörfum. Aðalmaður í hans stað verði Sigurður Jóhannesson og nýr varamaður Þórður Pálsson.

Í upphafi fundar óskaði forseti eftir því að upp yrði tekinn liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það samhljóða.

9. Önnur mál.

Bæjarstjórn ræddi vegamál í tengslum við nýja vegaáætlun.

Fleira var ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:30.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Sígurlaug Markúsdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (sign.)